



Mótmæli miðstjórnar Samiðnar við niðurstöðu kjararáðs

Miðstjórn Samiðnar ítrekar mótmæli sín við niðurstöðum kjararáðs um hækkun launa alþingismanna og æðstu embættismanna ríkisins sem var ekki í samræmi við þann launaramma sem víðtæk sátt er um.

Miðstjórnin skorar á Alþingi að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar og færa launabreytingar til samræmis við rammasamkomulag sem tengt er við SALEK.

Tillögur forsætisnefndar um að fella niður eingreiðslur er yfirlór og undanbrögð sem ekki sæmir Alþingi og dregur úr trúverðugleika þess og eru ekki til þess fallnar að skapa sátt.

Leggja ber áherslu á að gera laun alþingismanna og æstu embættismanna ríkisins gagnsæ og þau fari eftir almennum reglum s.s. varðandi skattlagningu .

Tíminn fyrir Alþingi til að bregðast við er stuttur því forsenduákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði koma til skoðunar í lok febrúar. Niðurstaða kjaradóms verður eitt af þeim atriðum sem koma til skoðunar þegar mat verður lagt á hvort forsendur kjarasamninganna hafa staðist.